

Brim hf. uppgjör 3F 2021

Fréttatilkynning

Stjórn Brims hf. hefur samþykkt árslutareikning samstæðunnar fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2021. Árslutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Góður og stöðugur rekstur á þriðja ársfjórðungi

- Rekstur ársfjórðungsins var stöðugur og sambærilegur við sama ársfjórung síðasta árs. Salan nam 91,6 milljónum evra í samanburði við 80,7 milljónir evra á sama tíma 2020.
- EBITDA fjórðungsins lækkar lítillega milli tímabila eða um 0,8 milljónir evra.
- Hagnaður fjórðungsins eykst milli ára og er 19,9 milljónir evra samanborið við 16,0 milljónir evra á þriðja fjórðungi ársins 2020. Grunnrekstur er í takt við sama tímabil 2020 en munurinn liggur í söluhagnaði skips.
- Rekstur botnfisksviðs gekk vel á fjórðungnum, góð aflabrogð hafa verið í botnfiski og staða á mörkuðum góð. Á sama tíma var sóknin erfið á makrílvertíðinni og einnig hófust síldveiðar seinna en á árinu 2020.
- Efnahagur félagsins er sterkur. Eignir eru um 772 milljónir evra og eiginfjárlutfallið 47%.

LYKILTÖLUR REKSTRAR

EUR '000	3F 2021	3F 2020	%	9M 2021	9M 2020	%
Seldar vörur	91.557	80.679		291.636	213.770	
Kostnaðarverð seldra vara	(65.670)	(53.154)		(225.353)	(166.702)	
Vergur hagnaður	25.887	27.525	-6,0%	66.283	47.068	40,8%
Aðrar tekjur	2.983	0		2.983	0	
Útflutningskostnaður	(1.866)	(1.632)		(5.762)	(5.215)	
Annar rekstrarkostnaður	(2.290)	(2.962)		(7.370)	(8.914)	
Rekstrarhagnaður	24.714	22.931	7,8%	56.134	32.939	70,4%
Fjáreignatekjur	987	1.021		3.020	1.183	
Fjármagnsgjöld	(1.818)	(2.212)		(5.784)	(5.605)	
Gengismunur	231	(1.190)		(152)	(2.013)	
Áhrif hlutdeildarfélaganna	86	(152)		651	72	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	24.200	20.398	19%	53.869	26.576	103%
Tekjuskattur	(4.334)	(4.633)		(10.776)	(5.553)	
Aflögð starfsemi	0	282		0	472	
Hagnaður tímabilsins	19.866	16.047	24%	43.093	21.495	100%
EBITDA	25.778	26.593	-3%	65.511	43.698	50%
EBITDA%	28,2%	33,0%		22,5%	20,4%	

LYKILTÖLUR EFNAHAGS

EUR '000	30.09.2021	31.12.2020	30.09.2020
Fastafjármunir	636.939	647.862	637.915
Veltufjármunir	135.388	117.126	139.126
Eignir samtals	772.327	764.988	777.041
Eigið fé	366.602	337.470	330.153
Langtímaskuldir	315.891	325.852	335.041
Skammtímaskuldir	89.834	101.666	111.847
Eigið fé og skuldir	772.327	764.988	777.041
Veltufjárhlutfall	1,51	1,15	1,24
Eiginfjárhlutfall	47%	44%	42%
Nettó vaxtaberandi skuldir	248.786	298.588	298.076

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Afkoma fjórðungsins er góð og ég er ánægður með hversu stöðugur reksturinn er orðinn. Undanfarin misseri höfum við markvisst fjárfest í botnfisksaflaheimildum og nýrri tækni sem er að skila árangri í dag. Eins sjáum við að fjárfestingar í sölufélögunum styrkja viðskiptalíkanið okkar.

Loðnuvertíð er framundan og er þetta mesta magn loðnukvóta frá árinu 2003. Við þessa aukningu í úthlutun fór Brim yfir hámarkshlutdeild í þorskígildum.

Fjárhagsdagatal

Fjórði ársfjórðungur 24. febrúar 2022

Kynningarfundur og nánari upplýsingar

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 18. nóvember næstkomandi og hefst kl. 16:30, þar mun Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynna uppgjör fjórðungsins.

Fundurinn verður eingöngu rafrænn og hægt verður að fylgjast með fundinum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Spurningum verður svarað í lok fundar.

Nánari upplýsingar veitir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri samfélagsábyrgðar, nýsköpunar og fjárfestatengsla í síma 781-8282 eða fjarfestatengsl@brim.is

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur



Brim hf. uppgjör 3F 2021

Fréttatilkynning

verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.